

Nd.

630. Frumvarp til laga

[27. mál]

um breyting á lögum nr. 3 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. mars.)

Samhljóða þskj. 28 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

83. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. gr. ganga veðtryggðar kröfur og kröfur tryggðar með öðrum tryggingaréttindum í búinu.

Fjármuni í búinu, sem aðrir eiga tryggingaréttindi í, skal selja á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda og greiða rétthafa af andvirði eignarinnar, að frádrögnum kröfum skv. 3. mgr. þessarar greinar, en afgangurinn rennur saman við aðrar eignir í búinu. Um forgang einstakra rétthafa fer að lögum, en kröfur tryggðar með sjálfsvörsluveði í lausafé og almennu lögveði koma í kröfuröð eftir þinglýsingarreglum með sama hætti og aðrar veðkröfur, sem þær reglur skipa í röð. Óþinglýstar kröfur tryggðar með almennu lögveði ganga á eftir öðrum kröfum eftir þessari grein.

Kröfur skv. 82. gr. 2. og 3. liðum ganga fyrir kröfum skv. þessari grein að því leyti, sem þær að öllu eða nokkru snerta hin óbeinu eignaréttindi.

4. gr. hljóðar svo:

84. gr. orðist þannig:

Næstar kröfum skv. 82. og 83. gr. ganga að réttri tiltölu við fjárhæð hverrar kröfu:

1. Kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna, sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 6 mánuðum fyrir andlátíð.
2. Bótakröfur vegna slita á vinnusamningi eftir upphaf skipta eða á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf skipta.
3. Kröfur til orlofsfjár vegna launa, sem unnið hefur verið fyrir á orlofsárinu fyrir upphaf skipta og á yfirstandandi orlofsári.
4. Gjöld til lífeyrissjóða, sjúkrasjóða og annarra slíkra styrktarsjóða, sem vinnuveitendum ber að greiða skv. kjarasamningum eða lögum og reiknuð eru sem hlutfallstala af kaupi launþega, fyrir sama tíma og í 1. tl. greinir.
5. Kröfur skv. 1.—4. tl. frá fyrri tíma en þar greinir, ef mál hefur verið höfðað til heimtu þeirra innan 6 mánaða frá gjalddaga og dómur gengur á síðustu tveimur mánuðum fyrir upphaf skipta eða síðar.
6. Kröfur í bú þeirra, sem hafa sem opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fé-gæslu fengið í sínar vörslur fé annarra, enda sé um kröfu til slíks fjár að ræða.
7. Kröfur maka, fyrrverandi maka og barna til lífeyris og meðlags síðasta árið fyrir upphaf skipta, enda séu greiðslur þessar ákveðnar með yfirvaldsúrskurði, þar á meðal staðfestum skilnaðarsamningi, þær fáist ekki greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og séu ekki ósanngjarnar miðað við aðstæður, þegar þær voru ákveðnar.
8. Sanngjörn þóknun eftir úrskurði skiptaráðanda fyrir störf unnin síðasta árið fyrir upphaf skipta vegna tilrauna til nauðasamninga eða frjálsra samninga, sem líklegir voru til að koma nýrri skipan á fjármál hins látna, svo og annar nauðsynlegur kostnaður við slíkar tilraunir.

9. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.